

## Aðalfundur Fallhlífasamband Íslands haldinn 10. Júní 2021 í húsnæði Flugbjörgunarsveitar Reykjavíkur við Flugvallarveg.

Mættir voru:

Sigurður Þ. Guðmundsson

Ingólfur Kristinsson

Hákon Símon Gíslason

Gísli R. Rafnsson

Rafn H. Gíslason

Bersteinn Arason

Arnþór Davíðsson

Sigurður Jóhannsson

Hjörtur Blöndal

Tryggvi Jónasson

Jón Ingi Þorvaldsson

Hlöðver Þór Árnason

Skúli Þórarinsson

Allir fundargestir hafa greitt félagsgjöld Fallís fyrir árið 2021

Aðalfundur var haldinn samkvæmt lögum Fallís (5.gr)

Byrjað var á að kjósa fundarstjóra (Jón Ingi Þorvaldsson) og fundaritara (Skúli Þórarinsson) án athugasemda.

Fundur var settur Kl.20:11

A. Skýrsla stjórnar ekki til staðar þar sem ekki hefur verið starfsemi hjá Fallís í mörg ár.

B. Engir reikningar lagðir fram til samþykktar vegna þess að engin starfsemi hefur verið í mörg ár.

C. Jón Ingi lagði fram tillögur að lagabreytingum og fór fram umræða um breytingartillögurnar sem voru svo allar samþykktar samhljóða en breytingar og nýju samþykktu löggin eru í viðhengi.

D. Kosning forseta, gjaldkera, ritara og varamans. Skúli Þórarinsson bauð sig fram sem forseta, Jón Ingi Þorvaldsson sem gjaldkeri, Rafn Halldór Gíslason sem ritari og Hlöðver Þór Árnason sem varamaður. Enginn annar bauð sig fram og voru ofangreindir sjálfkjörnir án athugasemda þeirra sem mættir voru á fundinn.

E. Ákvörðun árgjalds til FALLÍS. Umræða um árgjald átti sér stað og var komist að þeirri niðurstöðu að hafa árgjaldið 10.000 Kr. Stjórn hefur vald til að lækka árgjald um allt að 30% ef um er að ræða aðila eða hópa sem vilja fá tímabundna aðild að FALLÍS. Allir sem sátu fundinn samþykktu árgjaldið og tillögu um að veita stjórninni vald til að gefa afslátt á tímabundna aðild.

F. Önnur mál.

Hlöðver kom af stað umræðu um fjáröflun fyrir FALLÍS t.d. með sýningarstökkum. Umræða fór af stað hvernig þessi mál voru hér á árum áður og tekið var fram að fallhlífurstökkvari þarf að hafa tilskilin sýningarstökk réttindi til að taka þátt í sýningarstökki.

Spurt var um möguleikann á nýliðakennslu sumarið 2021. En það verður því miður ekki hægt vegna skorts á kennurum með gild réttindi en það verður vonandi komið í lag fyrir sumarið 2022.

Umræða fór fram um uppbyggingu fallhlífurstökks á Íslandi t.d með að skipuleggja ferðir erlendis fyrir sumarið 2022 til að hafa öflugan hóp til byrja það tímabil.

Rafn tók fram að hann væri tilbúinn að halda námskeið í þökkun á aðalfallhlífum fyrir þá sem vilja læra að pakka eða rifja upp og æfa sig undir leiðsögn. Má hafa samband við hann í gegnum Facebook.

Fundi slitið Kl.21:25

# Lög Fallhlífasambands Íslands eftir breytingar á aðalfundi 10. júní 2021

## HLUTI 1 - TILGANGUR

- 1.gr. Að sameina alla klúbba áhugafólks um fallhlífastökk, styrkja heild og stuðla að vexti og viðgangi fallhlífastökks á Íslandi.
- 2.gr. Að efla almenna þekkingu á fallhlífastökki og stuðla að þjálfun félagsmanna.
- 3.gr. Að halda Íslandsmót og stökkskomur í fallhlífastökki og annast þátttöku Íslands í alþjóðlegum mótum.
- 4.gr. Að gæta hagsmuna félaga og klúbba og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart innlendum og erlendum aðilum.
- 5.gr. Að setja reglur um fallhlífastökk samkvæmt reglugerð um fallhlífarstökk 652/2010 og hafa eftirlit með að þeim sé framfylgt af meðlimum FALLÍS.
- 6.gr. Að útnefna fulltrúa á Norðurlandafundi og IPC fundi.
- 7.gr. Að rannsaka orsakir slysa og óhappa í fallhlífastökki og sjá um samstarf við lögreglu og flugmálayfirvöld í slíkum tilfellum.
- 8.gr. Að vera stjórn FMÍ til ráðgjafar um málefni fallhlífastökks og fulltrúi FMÍ í nefndum og ráðum FAI og Flugmálasambandi Norðurlanda er varða fallhlífastökk.

## HLUTI 2 - LÖG FALLHLÍFASAMBANDS ÍSLANDS

- 1.gr. Félagið heitir Fallhlífasamband Íslands, skammstafað FALLÍS og er aðili að Flugmálafélagi Íslands. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
- 2.gr. Félagar eru einstaklingar og klúbbar áhugafólks um fallhlífarstökk sem greitt hafa tilskilið árgjald til FALLÍS á undangengnum 12 mánuðum. Öllum þeim sem stunda sportfallhlífarstökk er skylt að hafa gilt fallhlífarstökksskírteini.
- 3.gr. Árgjald til FALLÍS er ákveðið á aðalfundi þess til eins árs í senn. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa aðeins þeir félagar sem hafa greitt árgjald til FALLÍS á undangengnum 12 mánuðum.
- 4.gr. Aðalfund FALLÍS skal halda í febrúar eða mars ár hvert. Hefur hann æðsta vald í málefnum FALLÍS með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Til hans skal boða í tölvupósti til skráðra meðlima, á samfélagsmiðlum eða með öðrum sambærilegum leiðum sem ætla má að nái til sem flests áhugafólks um fallhlífarstökk. Aðalfund skal boða með 7 daga fyrirvara að

lágmarki og telst hann þá lögmætur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum, sbr. 7. og 14. gr.

5.gr. Dagskrá aðalfundar skal vera; liður D annað hvert ár (nema til komi sérstakar ástæður):

- A. Skýrsla stjórnar um starfsemi FALLÍS sl. starfsár.
- B. Reikningar FALLÍS lagðir fram til samþykktar.
- C. Lagabreytingar.
- D. Kosning forseta, gjaldkera, ritara og varamanns.
- E. Ákvörðun árgjalds til FALLÍS.
- F. Önnur mál.

6.gr. Reikningsár FALLÍS er frá 1. janúar til 31. desember.

7.gr. Lögum FALLÍS verður aðeins breytt á aðalfundi þess. Í fundarboði skal þess getið sérstaklega ef tillaga eða tillögur til lagabreytinga verður tekin til meðferðar og efni hennar (þeirra) lýst. Nái tillaga til lagabreytingar samþykki 2/3 hluta fundarmanna öðlast hún gildi að fengnu samþykki stjórnar FMÍ. Engar breytingar má gera á lögum FALLÍS sem ekki samræmast lögum og samþykktum FMÍ.

8.gr. Stjórn FALLÍS skal skipuð forseta, gjaldkera, ritara og einum varamanni. Forseta skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn, nema til komi vantraust eða forseti biðjist undan embætti. Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi. Hver klúbbur með virka aðild að Fallís sem ekki á kjörinn fulltrúa í stjórn getur að auki skipað einn meðstjórnanda í stjórn FALLÍS. Forseti stjórnar á jafnframt sæti í stjórn FMÍ og varaforseti til vara.

9.gr. Stjórn FALLÍS ræður málefnum sambandsins með þeim takmörkunum sem lög þess setja. Hún tekur nánari ákvörðun um starfsemi sambandsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Hún skuldbindur sambandið aðilum þess og er undirskrift forseta og eins annars stjórnarmanns nægileg til þess.

10.gr. Stjórnarfundur skal halda svo ört sem þurfa þykir. Skal til þeirra boða með tryggilegum hætti og með a.m.k. eins dags fyrirvara. Stjórnarfundur er ályktunarbær ef meirihluti stjórnarmanna mætir, þ.m.t. forseti eða varaforseti. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði forseta eða varaforseta í fjarveru forseta úrslitum. Gerðir stjórnarinnar skulu færðar í fundagerðarbók.

11.gr. Stjórn FALLÍS getur, þegar ástæða þykir til boðað til auka aðalfundar sem hefur sama vald og aðalfundur skv. 4.gr. Þá geta 2/3 atkvæðisbærra félaga krafist auka aðalfundar með bréfi til stjórnar FALLÍS. Skal þar getið mála þeirra sem óskast tekin til meðferðar. Boða skal til auka aðalfundar eigi síðar en fjórum vikum eftir að krafan barst til stjórnar FALLÍS. Til auka aðalfundar skal boðað skv. 4.gr.

12.gr. Stjórn FALLÍS má skipa sérstakar nefndir til að starfa að ákveðnum málefnum eða verkefnum eftir því sem ástæða þykir til og skulu slíkar nefndir starfa eftir þeim reglum er stjórnin setur. Nefndarmenn þurfa ekki að vera stjórnarmenn.

13.gr. Stjórn FALLÍS skal skipa öryggisfulltrúa sem er eftirlitsmaður öryggis í íslensku fallhlífastökki. Undir hann heyrir umsjón og útgáfa skírteina og umsjón annarra réttinda. Öryggisfulltrúinn þarf ekki að vera í stjórn FALLÍS. Hann skal skipa starfsmann (öryggisráðgjafa) í hverjum klúbbsi í samráði við stjórn viðkomandi klúbbs.

14.gr. Úrsögn klúbba úr FALLÍS tekur aðeins gildi um áramót. Skal úrsögnin vera skrifleg og berast til stjórnar FALLÍS fyrir 30. september. Úrsögnin skal vera í samræmi við lög viðkomandi klúbbs. Aðalfundur FALLÍS getur vikið einstaklingi eða klúbbsi úr sambandinu ef viðkomandi hefur ítrekað brotið gegn lögum eða reglum þess og ekki sinnt viðvörðunum. Ákvörðun þeirri er heimilt að áfrýja til þings FMÍ.

15.gr. FALLÍS verður einungis slitið á fundi sem sérstaklega hefur verið til boðað í því skyni og verður a.m.k. 3/5 hluti atkvæðisbærra félagsmanna að vera mættur og 3/4 hlutar þeirra samþykkur slitum sambandsins. FALLÍS verður aðeins slitið að fengnu samþykki stjórnar FMÍ. Verði sambandsslit ákveðin skal stjórn FMÍ falin umsjón eigna þess þar til annað samband í svipuðum tilgangi hefur verið stofnað og ganga þá eignirnar til hins nýja sambands. Grein þessari verður ekki breytt.

---

## Tillögur til lagabreytinga fyrir aðalfund FALLÍS, 10. júní 2021

Lagt er til að grein 4 sem nú hljóðar svo:

“4.gr. Aðalfund FALLÍS skal halda í október eða nóvember ár hvert. Hefur hann æðsta vald í málefnum FALLÍS með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Til hans skal boða skriflega með 7 daga fyrirvara skemmst og telst hann þá lögmætur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum, sbr. 7. og 14. gr.”

verði breytt í:

“4.gr. Aðalfund FALLÍS skal halda í **febrúar eða mars** ár hvert. Hefur hann æðsta vald í málefnum FALLÍS með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Til hans skal boða í **tölvupósti til skráðra meðlima, á samfélagsmiðlum eða með öðrum sambærilegum leiðum sem ætla má að nái til sem flests áhugafólks um fallhlífarstökk**. Aðalfund skal boða með 7 daga fyrirvara að lágmarki og telst hann þá lögmætur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum þessum, sbr. 7. og 14. gr.”

Tillagan er samþykkt samhljóða.

---

Lagt er til að grein 6 sem nú hljóðar svo:

“6.gr. Reikningsár FALLÍS er frá aðalfundi til aðalfundar.”

verði breytt í:

“6.gr. Reikningsár FALLÍS er frá **1. janúar til 31. desember.**”

Tillagan er samþykkt samhljóða.

---

Lagt er til að grein 8 sem nú hljóðar svo:

“8.gr. Stjórn FALLÍS skal skipuð forseta, varaforseta og meðstjórnendum eins og við á. Forseta skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn, nema til komi vantraust eða forseti biðjist undan embætti. Aðrir stjórnarmenn skulu skipaðir af fallhlífaklúbbunum eða einn manni í stjórn fyrir hverja tíu skuldlausu félaga klúbbsins, þó að lágmarki einn og að hámarki þrír. Forseti stjórnar á jafnframt sæti í stjórn FMÍ og varaforseti til vara.”

verði breytt í:

“8.gr. Stjórn FALLÍS skal skipuð forseta, **gjaldkera, ritara og einum varamanni**. Forseta skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn, nema til komi vantraust eða forseti biðjist undan embætti. **Aðrir stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi. Hver klúbbur með virka aðild að Fallís sem ekki á kjörinn fulltrúa í stjórn getur að auki skipað einn meðstjórnanda í stjórn FALLÍS.** Forseti stjórnar á jafnframt sæti í stjórn FMÍ og varaforseti til vara.”

Tillagan er samþykkt samhljóða.

---

Lagt er til að 2. grein sem nú hljóðar svo:

“Félagar eru einstaklingar og klúbbar áhugafólks um fallhlífastökk sem greitt hafa tilskilið árgjald til FALLÍS. Öllum þeim sem stunda sportfallhlífastökk er skylt að hafa gilt fallhlífastökksskírteini.”

verði breytt í:

“Félagar eru einstaklingar og klúbbar áhugafólks um fallhlífarstökk sem greitt hafa tilskilið árgjald til FALLÍS **á undangengnum 12 mánuðum**. Öllum þeim sem stunda sportfallhlífarstökk er skylt að hafa gilt fallhlífarstökksskírteini.”

Tillagan er samþykkt samhljóða.

---

Lagt er til að 3. grein sem nú hljóðar svo:

“Árgjald til FALLÍS er ákveðið á aðalfundi þess til eins árs í senn. Atkvæðisrétt hafa aðeins þeir félagar sem eru skuldlausir við FALLÍS.”

verði breytt í:

“Árgjald til FALLÍS er ákveðið á aðalfundi þess til eins árs í senn. Atkvæðisrétt **á aðalfundi hafa aðeins þeir félagar sem hafa greitt árgjald til FALLÍS á undangengnum 12 mánuðum.**”

Tillagan er samþykkt samhljóða.

---

Lagt er til að 5. grein sem nú hljóðar svo:

“Dagskrá aðalfundar skal vera; liður D annað hvert ár (nema til komi sérstakar ástæður):

- A. Skýrsla stjórnar um starfsemi FALLÍS sl. starfsár.
- B. Reikningar FALLÍS lagðir fram til samþykktar.
- C. Lagabreytingar.
- D. Kostning forseta.
- E. Ákvörðun árgjalds til FALLÍS.
- F. Önnur mál.”

verði breytt í:

“Dagskrá aðalfundar skal vera; liður D annað hvert ár (nema til komi sérstakar ástæður):

- A. Skýrsla stjórnar um starfsemi FALLÍS sl. starfsár.
- B. Reikningar FALLÍS lagðir fram til samþykktar.
- C. Lagabreytingar.
- D. Kosning forseta, **gjaldkera, ritara og varamanns.**
- E. Ákvörðun árgjalds til FALLÍS.
- F. Önnur mál.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

---